

Nr. 006 / 16 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10***Skipverji slasast á fingri***

Skipaskr.nr. 1585 IMO nr. 8003993
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. október 2015 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum á Eldeyjarbanka. Veður: NA 15-17 og sjólítið.

Tveir skipverjar voru að skipta um grandara en þegar þeir voru að tengja saman grandara og dauðalegg með patentlás lenti annar þeirra með þumalfingur á milli þegar hinn sló á kólfinn í lásnum.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var að halda við splitti á patentlás;
- að slasaði fingurbrotnaði.



Patentlås.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.